

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2009
komudagur 3.4.2008


Akureyri 3. apríl 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eypings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um stofnun háskólaþess á Selfossi**, 343. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórnin tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

f.h. stjórnar Eypings


Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2136
komudagur 10.4.2008



KENNARAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík, 7. apríl 2008
0803035 sk

Nefndarsvið Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögur

Kennaraháskóla Íslands hafa borist til umsagnar tvær þingsályktunartillögur um háskólasetur, annars vegar á Selfossi (343. mál) og hins vegar á Akranesi (344. mál). Umsögn þessi á við báðar þessar þingsályktunartillögur.

Kennaraháskóli Íslands tekur undir sjónarmið sem sett eru fram í greinargerðum með tillögum þessum um gildi menntunar og nauðsyn þess að bæta háskólamenntun og styrkja rannsóknir á Suðurlandi og Vesturlandi þar sem ekki hefur verið komið upp þekkingarsetrum líkt og annars staðar á landinu, t.d. á Norðurlandi, Austurlandi og á Ísafirði þar sem er háskólasetur. Hins vegar varar skólinn við því að þekkingarsetur séu bundin einu sveitarfélagi og telur heppilegra að þau hafi víðari skýrskotun, eins og hefur sýnt sig að vera heppilegt í starfsemi þekkingarnets Austurlands.

Fræðasetur af því tagi sem þegar hafa verið sett á fót hafa reynst mikilsverðir samstarfsaðilar, ekki síst fyrir Kennaraháskóla Íslands sem rekur öflugt fjarnám. Um þessar mundir eru rúmlega 60% nemenda skólans í fjarnámi. Um það bil helmingur fjarnema býr utan höfuðborgarsvæðisins og um þriðjungur staðnema. Nánari upplýsingar um búsetu nemenda Kennaraháskólans má finna í ársskýrslum skólans á slóðinni <http://www.khi.is/?q=skyrslur>. Skífuritinn sem þar er að finna sýna öflugt starf Kennaraháskóla Íslands um allt land.

Að lokum vekur Kennaraháskólinn athygli á því með sameiningu Kennaraháskólans og Háskóla Íslands 1. júlí næstkomandi mun enn eflast starfsemi háskóla á Suðurlandi þar sem Kennaraháskólinn hefur um árabíl staðið fyrir fjölbreyttu háskólastarfi á Laugarvatni. Þar fara fram á vegum Kennaraháskólans – sem verður menntavísindasvið Háskóla Íslands – bæði kennsla og rannsóknir í flóríttisfræðum heilbrigðisvísindum og á skyldum fræðasviðum.

Virðingarfyllst,

Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

Stakkahlíð
105 Reykjavík
Sími: 563 3800
Símbref: 563 3833
www.khi.is



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2087
komudagur 9.4.2008

Selfossi, 7. apríl 2008
0710005SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um tillögu til þingsályktunar um stofnun háskóla­seturs á Selfossi, 343. mál


Á fundi stjórnar Samtaka sunn­lenskra sveitarfé­laga, sem haldinn var 2. apríl sl., var tekið fyrir erindi frá Menntamálanefnd Alþingis, dags. 26. mars 2008, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stofnun háskóla­seturs á Selfossi 343. mál.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Stjórnin bendir á að nýlega var stofnað Háskóla­félag Suðurlands, sem að mestu er í eigu sveitarfé­laga á Suðurlandi, sem hefur sama markmið og þingsályktunartillagan. Stjórn SASS telur brýnt að ríkisvaldið komi að rekstri þeirrar starfsemi eins og annarra háskóla­setra sem nú þegar hefur verið komið á fót á landsbyggðinni.

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P / 35 / 1828
Komudagur 14. 3. 2008

Selfossi, 13. mars 2008
0803027

Alþingi - menntamálanefnd

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Á fundi bæjarráðs í dag 13. mars var tekin fyrir ósk um umsögn – þingsályktun um stofnun háskólaseturs á Selfossi 343. mál.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð Árborgar fagnar framkominni þingsályktunartillögu um stofnun háskólaseturs á Selfossi og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

Efning háskólanáms á Suðurlandi er frumforsenda áframhaldandi þróunar á öllum sviðum samfélagsins. Á þeim stöðum á landinu þar sem háskólasetur hafa verið sett á fót hefur háskólastarfsemi stórauðist og fjöldi þeirra sem stunda nám og rannsóknir á viðkomandi svæðum fjölgað mjög. Því er það Sunnlendingum lífsnauðsyn að strax verði komið á fót háskólasetri á Selfossi sambærilegu og annarsstaðar þar sem þau hafa verið stofnsett.

Tilkynnist það hér með

Virðingarfyllst,

Rósa Sif Jónsdóttir
ritari bæjarstjóra